

L ö g

Nr. 30.

2.
nóvbr.

um breytingar á lögum nr. 11, 20. okt. 1905, um landsdóm.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

11. gr. 1. málsg. síðasta setning orðist svo:

Dómrúðning fer þannig fram, að báðir málsaðiljar, sóknari og ákærður eða verjandi hans, koma fyrir forseta á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 1 af hinum lögskipuðu dómendum og 7 af hinum kjörnu, og sóknari ryður 1 af hinum lögskipuðu og 6 af hinum kjörnu.

2. gr.

Aftan við 14. gr. fyrri málsg. bætist:
er jafnan sje einn hinna lögskipuðu dómenda.

3. gr.

Í 16. gr. 2. málsgrein verði » $\frac{4}{5}$ « að:
 $\frac{2}{3}$.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

L ö g

Nr. 31.

2.
nóvbr.

um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfrrjetti.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Prófessorarnir í lagadeild Háskóla Íslands eru sjálfkjörnir varadómarar í landsyfrrjettinum, hvort sem heldur losnar þar sæti, dómari forfallast um stundarsakir eða vikur úr dómarasæti.

2. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, dómari vikur úr sæti eða forfallast, og tekur þá dómstjóri eða sá, er veitir dómi forstöðu í hans stað, einn prófessoranna með hlutkesti í rjettinn. Ef enginn hinna reglulegu yfirdómara skipar sæti sitt, þá ganga 3 prófessorar lagadeildarinnar í rjettinn.

3. gr.

Sá af prófessorunum, sem hverju sinni verður kjörinn í dóminn, tekur hið auða sæti. Nú eru fleiri sæti auð en eitt, og fleiri prófessorar kjörnir í einu en einn, og taka þeir sæti í dómnum eftir embættisaldri.

4. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, og tekur þá varadómari helming launa þeirra, er því sæti fylgja, þar til skipað er í embættið.

Þá er yfirdómari forfallast eða vikur sæti fær varadómari 40 kr. fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómsuppkvaðningu þess.

Þá er varadómari gegnir störfum yfirdómara, án þess að hann sje forfallaður eða hafi orðið að vikja úr dómi, greiðir yfirdómari þóknunina.

5. gr.

Ef eigi er unt að taka varadómara úr lagadeild Háskólans, setur landsstjórnin dómara í hið auða sæti.

6. gr.

2. málsgr. 6. gr. í tilsk. 11. júlí 1800 er úr gildi numin með lögum þessum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

L ö g

um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalpýðendur.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjalpýðendur.